

F. Símaskráin.

Póstur og sími leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjar-skipti og gengur í gildi 1. júní 1973. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af simtölum, sem fara fram 1. júní 1973 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 29. marz 1972.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

17. maí 1973.

Nr. 151.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 59
3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 30 3. febrúar 1968.**

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenzkra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 7 500.00. Ráðherra getur þó veitt efnalittlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efni, nr. 30 3. febrúar 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 17. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.